

Erindisbréf fyrir innri endurskoðanda Háskóla Íslands

Hlutverk og tilgangur

Tilgangur innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf, sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Háskóla Íslands. Hlutverk innri endurskoðunar er að auka og vernda virði háskólans með áhættumiðaðri og hlutlægri staðfestingu, ráðgjöf og innsæi. Innri endurskoðun leggur mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna og stuðlar þannig að því að háskólinn nái markmiðum sínum.

Innri endurskoðandi sinnir innri endurskoðun hjá Háskóla Íslands og hjá félögum sem háskólinn á meirihluta í og eru á ábyrgðarsviði rektors. Innri endurskoðandi starfar í umboði háskólaráðs og hefur starfslegar boðleiðir til endurskoðunarnefndar háskólaráðs.

Verkefni og ábyrgð

Helstu verkefni innri endurskoðanda eru:

- að vera rektor, háskólaráði og öðrum stjórnendum Háskóla Íslands til ráðgjafar um málefni er varða hagkvæma nýtingu fjármuna, skilvirkni í rekstri, áhættustýringu og innra eftirlit með rekstri og fjármálum,
- að meta hvort innri stjórn tæki háskólans, upplýsingakerfi, vinnuferlar, skipulag og stjórnun séu árangursrík og örugg og hæfi stefnu og markmiðum háskólans,
- að meta hvort reikningshald, uppgjör og ársreikningar séu í samræmi við ákvæði laga og reglna,
- að meta og stuðla að því að háskólaráð, rektor og aðrir stjórnendur háskólans fái réttar og nauðsynlegar upplýsingar til þess að geta sinnt hlutverki sínu af kostgæfni,
- að gera, í samráði við eða að ósk háskólaráðs og rektors úttektir á einstökum starfseiningum og völdum þáttum í rekstri og starfsemi háskólans og gera, eftir því sem ástæða er til, tillögur um úrbætur, breytingar og nýmæli sem geta bætt rekstur og fjármálastjórnun,
- að fylgjast með niðurstöðum faglegra gæðaaúttekta og leggja eftir ástæðum mat á rekstrarlegar og fjárhagslegar forsendur þeirra,
- að taka við rökstuddum ábendingum um óhagkvæmni og óskilvirkni í rekstri, áhættuþætti og möguleg misferli í meðferð fjármuna og gera, eftir því sem ástæða er til, háskólaráði og rektor viðvart,
- að endurskoða lokauppgjör erlendra rannsóknastyrkja.

Sjálfstæði og hlutlægni

- Innri endurskoðandi er ráðinn af rektor með samþykki háskólaráðs og starfar í umboði ráðsins. Sá sem gegnir starfi innri endurskoðanda skal hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á opinberri stjórnsýslu og innri endurskoðun. Æskilegt er hann hafi faggildingu sem endurskoðandi.
- Innri endurskoðandi er faglega sjálfstæður og óháður í störfum sínum. Endurskoðandi sem hefur unnið við eða borið ábyrgð á tilteknum verkefnum háskólans skal ekki endurskoða þau fyrir en að hæfilegum tíma liðnum.
- Innri endurskoðanda ber að gæta hlutlægni í störfum sínum og starfa óháð þeim rekstrareiningum sem hann endurskoðar eða tekur út. Hann blandar sér ekki í daglegan rekstur háskólans en starfar í nánum tengslum við stjórnendur hans.

- Innri endurskoðandi skal eiga greiðan aðgang að öllum gögnum sem hann þarfnast til að geta gegnt starfi sínu af kostgæfni.
- Starfsmenn skulu aðstoða innri endurskoðanda við upplýsingaöflun og sjá til þess að upplýsingar og skjöl séu aðgengileg. Þess skal gætt að upplýsingar sem þannig er aflað séu ekki aðgengilegar öðrum og aðeins notaðar í samræmi við tilgang innri endurskoðunar. Ef um trúnaðarmál er að ræða skal fara með það sem slíkt. Innri endurskoðandi skal fylgja ákvæðum laga og reglna um þagnarskyldu og samskipti starfsmanna á vinnustað.

Árleg endurskoðunaráætlun og fjárhagsáætlun

- Endurskoðunarnefnd háskólaráðs samþykkir árlega áhættumiðaða innri endurskoðunaráætlun og fjárhagsáætlun fyrir innri endurskoðun. Innri endurskoðandi skal með reglulegu millibili gefa nefndinni og stjórnendum skýrslu um framgang þessara áætlana.
- Innri endurskoðandi skal staðfesta árlega stjórnskipulegt sjálfstæði innri endurskoðunar og tilkynna endurskoðunarnefnd um aðstæður og atvik sem geta falið í sér vanhæfi, hagsmunaárekstra eða hlutdrægni.
- Endurskoðunarnefnd fer yfir erindisbréf innri endurskoðunar áður en það er lagt fyrir háskólaráð til samþykktar.

Úttektarskýrslur og eftirfylgni

- Þegar innri endurskoðandi hefur lokið sinni vinnu skal hann leggja fyrir endurskoðunarnefnd skriflega skýrslu.
- Áður skal þess gætt að stjórnendum sem málið varðar sé gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við skýrsludrögin og er lokadrögum síðan beint til sérstakrar þriggja manna eftirfylgninefndar yfirstjórnar undir forystu framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans sem í sitja auk hans tveir fulltrúar sameiginlegrar stjórnsýslu, skv. nánari ákvörðun rektors. Hlutverk nefndarinnar er að leggja mat á rekstrarlegar og fjárhagslegar forsendur þeirra og skilgreina ábyrgðarmenn.
- Þegar skýrsla er lögð fram í endurskoðunarnefnd skal fylgja umsögn eftirfylgninefndar yfirstjórnar og tillögur um aðgerðir og eftirfylgni með úrbótatillögum. Endurskoðunarnefnd samþykkir skýrsluna eða gerir athugasemdir.
- Tillögur og ábendingar eru skráðar á ábyrgðarmenn í gæðakerfi háskólans. Gæðastjóri kynnir reglulega fyrir endurskoðunarnefnd stöðu þeirra.
- Skýrslur sem lagðar eru fyrir nefndina eru birtar á heimasíðu innri endurskoðunar í Uglu. Innri endurskoðandi fylgir síðan árlega eftir úrbótatillögum og kynnir endurskoðunarnefndinni niðurstöður sínar í skýrslu.

Viðmið og gæðamat

Innri endurskoðandi fylgir bindandi ákvæðum alþjóðlegs ramma um innri endurskoðun sem Alþjóðasamtök innri endurskoðenda gefa út. Ramminn samanstendur af grunnreglum faglegrar innri endurskoðunar, siðareglum, alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun og skilgreiningu á innri endurskoðun. Innri endurskoðandi gerir endurskoðunarnefnd og stjórnendum reglulega grein fyrir fylgni starfseminnar við alþjóðlegan ramma um innri endurskoðun í innra gæðamati sínu og ytra gæðamati sem fer fram a.m.k. á fimm ára fresti.

Innri endurskoðandi tekur mið af eftirfarandi viðmiðum og reglum í starfi sínu:

- lögum og reglum sem snerta starfsemi Háskóla Íslands,
- siðareglum, stefnum og verklagsreglum Háskóla Íslands,

- lögum og reglum um ársreikninga, bókhald og fjárreiður ríkisins,
- lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga,
- leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar um innri endurskoðun, innra eftirlit og rekstraröryggi upplýsingakerfa,
- alþjóðlega viðurkenndum leiðbeiningum, reglum og stöðlum um fagleg vinnubrögð innri endurskoðunar, s.s. frá Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda (IIA Global) Alþjóðasamtökum ríkisendurskoðanda (INTOSAI) og Information Systems Audit and Control Association (ISACA).

Tengsl við Ríkisendurskoðun

Innri endurskoðandi skal hafa samráð við Ríkisendurskoðun til að samræma vinnubrögð, forðast tvíverknað og tryggja að endurskoðun innan Háskóla Íslands sé í heild sinni í góðu lagi. Ríkisendurskoðun skal hafa aðgang að endurskoðunaráætlun innri endurskoðunar, vinnugögnum og úttektarskýrslum.

Staðfesting og endurskoðun erindisbréfs

Erindisbréf um innri endurskoðun var samþykkt af háskólaráði 7. febrúar 2013 og var endurskoðað 8. desember 2016, 18. október 2018 og 1. október 2020. Erindisbréfið skal endurskoðað með reglulegu millibili.